

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Breyting á deiliskipulagi. Urðarholt, Réttarholt B, Árnesi.*

Deiliskipulagið tekur til hluta jarðarinnar Urðarholts úr landi Réttarholts og felur breytingin í sér að innan marka þess er heimilt að byggja íbúðarhús, hvers kyns mannvirki tengd landbúnaði, auk frístundahúsa tengd ferðaþjónustu. Byggingarreitir eru þrjár. Á byggingarreit 1 er heimilað að byggja samtals 600 m<sup>2</sup>, á byggingarreit 2 samtals 2.500 m<sup>2</sup> og á byggingarreit 3 samtals 160 m<sup>2</sup>. Heimilt er að byggja fjögur smáhýsi, allt að 40 m<sup>2</sup> hvert. Hús mega vera 1-2 hæðir með hámarkshæð mænis 9 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. maí 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 28. júní 2017.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 12. júlí 2017